

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-67/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 21. september 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu vegna kaupa á klippikorti fyrir þjónustu seljanda, sem seljandi hefur nú tekið úr notkun.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Álitsbeiðandi kveðst hafa fest kaup á klippikorti sem fól í sér rétt álitsbeiðanda til að láta seljanda farga ákveðnu magni af efnum eða úrgangi. Seljandi hefur hætt notkun umræddra klippikorta og hefur ekki orðið við beiðni álitsbeiðanda um að endurgreiða honum fyrir klippikortið að því leyti sem það hefur ekki verið notað.

Ágreiningur málsins fellur hvorki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup né lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ákvæði síðastgreindra laga. eiga almennt við um kaup á kröfum og réttindum, sbr. c-liður 1. mgr. 2. gr. laganna. Lögin eiga þó ekki við þegar sá sem afhendir hlut þarf að láta í té vinnu eða þjónustu sem felur í sér mestan hluta af skyldum hans samkvæmt d-lið 2. mgr. 2. gr. laganna. Kæruneftndin álitur að d-liður 2. mgr. 2. gr. neytendakaupalaga eigi við í máli þessu og ágreiningurinn eigi því ekki undir þau lög.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

- 1. vinnu við lausafjármuni,*
- 2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*
- 3. geymslu á lausafjármunum,*
- 4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kæruneftnd lausafjár- og

þjónustukaupa hefur ekki vald til þess að gefa álit sitt á ágreiningnum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Ber kæruneftndinni samkvæmt því að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

III

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson